

117
12. maí

REGLUR

fyrir Stofngjaldasjóð bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög símanotenda í Reykjavík og Hafnarfirði sem stofngjöld og viðtökugjöld, svo og vextir af innstæðum sjóðsins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að standa undir stækkun bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að svo miklu leyti sem hann hrekkur til, einkum þegar um meiri háttar stækkanir er að ræða, eftir því sem póst- og símamálastjóri og ráðherra ákveða. Framlög úr sjóðnum eru óendurkræf.

3. gr.

Tekjur sjóðsins færast ekki til tekna í rekstrarreikningi landssímans, heldur færast sjóðseignin, eins og hún er við hver áramót, á höfuðstólsreikning símans.

Póst- og símamálaráðherra, 12. maí 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hlíðdal.

118

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Tryggingarsjóðs sparisjóða 1943—1951.

Tekjur:

1. Tillög sparisjóða:

Árin 1943—1944	kr. 17152.30
Árið 1945	— 17432.66
Árið 1946	— 24326.61
Árið 1947	— 33960.13
Árið 1948	— 34023.75
Árið 1949	— 25019.74
Árið 1950	— 33812.08
Árið 1951	— 32234.79
	<hr/>
	kr. 217962.06

2. Vaxtatekjur sjóðsins:

Árin 1943—1944	kr. 162.37
Árið 1945	— 778.65
Árið 1946	— 1215.12
Árið 1947	— 1815.51
Árið 1948	— 4266.46
Árið 1949	— 5407.33
Árið 1950	— 7128.00
Árið 1951	— 7560.79
	<hr/>
	— 28334.23

Alls kr. 246296.29

Gjöld:

118

1. Símakostnaður o. fl. 1943—1951	kr.	237.45
2. Stjórnarlausn 1943—1950	—	1500.00
3. Fyrirfram greitt tillag í sjóðinn	—	33.24
4. Eign sjóðsins 31. des. 1951:		
4% veðdeildarbréf Landsbankans, 14. fl.	kr.	10000.00
4% skuldabréf Sparisjóðs Raufarhafnar	—	10000.00
Innstæða í bönkum, bundin til eins árs	—	159930.28
Innstæða í bönkum með þriggja mánaða uppsögn	—	63788.56
Reiðufé	—	840.00
	Kr.	244558.84
Frá dregst: Gjaldaliður nr. 3	—	33.24
		<hr/>
		— 244525.60
	Alls	kr. 246296.29

Séreign sparisjóðanna í Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 69/1941, um sparisjóði, var samkvæmt ofangreindu kr. 244525.60 í árslok 1951, að meðtöldum vöxtum af árlegum tillögum sparisjóðanna til sjóðsins.

Reykjavík, 22. apríl 1952.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða

Halldór Stefánsson. Þórhallur Ásgeirsson. Klemens Tryggvason.

Yfirlýsing endurskoðenda.

Við undirritaðir höfum farið yfir reikninga Tryggingarsjóðs sparisjóða fyrir árin 1943—1951 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 23. apríl 1952.

Jón Pálmason. Sigurjón Á. Ólafsson.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 119

Ársreikningur 1951.

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum:		
a. Fasteignaveðslán	kr.	5 217 224.29
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1 677 225.50
c. Sveitarsjórnarlán	—	3 652 330.00
d. Reikningslán	—	9 379 992.64
		<hr/>
	kr.	19 926 772.43
2. Vixlar	—	47 329 628.75
3. Lán í hlaupareikningi	—	9 693 207.30
4. Verðbréf	—	16 176 608.37
5. Innanstokksmunir	—	251 700.00
6. Fasteignir	—	3 405 000.00